

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 11. mars 2009

Umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðaukavið EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða (hér eftir nefnt frumvarpið).

Fyrir hönd Bændasamtaka Íslands eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp. Einkum eru gerðar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins er lúta að breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993.

Umsögn þessi lýtur að þeim breytingum sem ofangreint frumvarp felur í sér frá eldra frumvarpi sem bar sama heiti og lagt var fram á 135. löggjafarþingi, 524. mál.

I. Sjónarmið um lögmætar væntingar

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir að eignarétturinn sé friðhelgur og að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji. Þurfi til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir.

Samkvæmt víðtækri skilgreiningu hugtaksins „eign“, nær það til hvers kyns eignaréttinda, jafnt beinna sem óbeinna, alveg án tillits til þess hver eignin er. Almennt hefur verið talið, að stjórnarskráin noti orðin „eign“ og „eignaréttindi“ í mjög víðtækri merkingu. Þannig hefur hugtakið ekki eingöngu verið talið ná til hlutbundinna réttinda, heldur

einnig annarra fjárhagslegra réttinda, hvort heldur þau eigi rætur að rekja til einkaréttar eða opinbers réttar. Þannig hafa t.d. atvinnuréttindi, önnur en þau sem sérstaklega eru varin í 75. gr. stjkskr., verið talin eignaréttindi í skilningi 72. gr., sem menn verði ekki sviptir bóttalaust.

Í 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið hér á landi, er að finna ákvæði sem ætlað er að tryggja friðhelgi eignaréttarins. Hefur ákvæðið verið túlkað mjög rúmt af hálfu mannréttindadómstóls Evrópu (MDE). Hefur dómstóllinn lagt til grundvallar, að væntingar einstaklinga eða lögaðila til kröfu byggða á réttargerningi eða lögum, kunni eftir atvikum, að njóta verndar ákvæðisins.

Til þess að væntingar geti talist hafa stofnað til eignaréttinda, þurfa þær að vera réttmætar, m.ö.o. lögmætar. T.d. kann löng og óslitin réttarframkvæmd að teljast hafa skapað þeim sem á þeirri framkvæmd hefur byggt, ákveðinn réttindi, eignaréttindi.

Hefur réttarástand á sviði framleiðslu búfjárafurða héraendis, verið nær óbreytt um áratugaskeið, auk þess sem pólitísk umræða hefur öll verið í þá veru, að ástandið myndi haldast að mestu óbreytt áfram. Enda hefur íslenska ríkinu verið allt frá upphafi veitt sérstök undanþága frá ákvæðum EES samningsins um innflutning búfjárafurða.

Hin langa og óslitna lagaframkvæmd á þessu sviði, kann því að hafa leitt til þess, að íslenskir framleiðendur hafi talist öðlast lögmætar væntingar í þá veru að þeir megi gera ráð fyrir því, að óbreytt réttarástand muni vara áfram. Um sé að ræða eignaréttindi eins og þau hafa verið túlkuð, sbr. að framan, með svipuðum hætti og t.d. aflaheimildir. Slíkum eignarétti verða menn ekki sviptir bóttalaust.

Hinar lögmætu væntingar íslenskra framleiðenda lúta m.a. að þeim fjárfestingum sem ráðist hefur verið í af þeirra hálfu. Má fullyrða, að forsenda íslenskra framleiðenda hafi verið sú, að lagaumhverfi á þessu sviði myndi ekki taka jafn róttækum breytingum og fyrirvaralitlum eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

II. Skammur aðlögunartími.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja, að sá aðlögunartími sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, en gert er ráð fyrir að lögin komi til framkvæmda haustið 2010, sé of skammur, til að innlendum framleiðendum búfjárafurða gefist nægt svigrúm til að bregðast við hinum gríðarmiklu breytingum á markaðsaðstæðum og óhjákvæmilegt er

verði frumvarpið að lögum. Eðlilegt er að innlendum framleiðendum verði veittur rýmri aðlögunartími, svo unnt verði að tryggja hagsmuni stéttarinnar, einkum með hliðsjón af þeim fjárfestingum sem þeir hafa lagt í á grundvelli gildandi réttar og væntinga um að lagaumhverfið héldist óbreytt. Má benda á, að aðlögunartími sem veittur var við gildistöku EFTA samningsins var 10 ár. Vart er óeðlilegt að veittur verði svipaður aðlögunartími í þessu tilviki. Einnig má nefna að þegar grænmetisbændur þurftu að þola svipaðar breytingar, fengu þeir aðlögun í formi rekstrarstyrkja í ákveðinn tíma, þó að deila megi um lögmæti slíkra aðgerða í dag.

III. Markaðsaðstæður.

Miðað við óbreytt tollaumhverfi er fyrirséð, að erlendir framleiðendur búfjárafurða muni eiga greiða leið inn á innlenda markað. Hættan er sú, að þeir muni með skjótum hætti taka yfir hinn innlenda markað, ef svo má segja, og nær samstundis kippa fótunum undan íslenskrar framleiðslu, enda stendur hún ekki styrkum fótum fyrir. Framleiðendur eru almennt mjög skuldsettir og því er ljóst, að þeir hafa litla sem enga burði í harða erlenda samkeppni á þessum vettvangi. Auk þess getur íslensk framleiðsla með engu móti talist standa jafnfætis evrópskri hvað framleiðslukostnað varðar, enda aðstæðum vart saman að jafna. Gefur auga leið, að evrópskum framleiðendum mun reynast auðvelt, í krafti stærðar sinnar og hagkvæmra framleiðsluhátta, að yfirtaka hinn íslenska markað. Tímabundin undirboð gætu t.d. valdið íslenskum framleiðendum svo verulegum skaða, að óvíst er að þeir gætu staðið það af sér.

Einnig ber að horfa til þess, að smásölumarkaðinum ráða að meginstefnu eingöngu tveir stórir aðilar. Miðað við reynslu undanfarinna missera má telja fullvíst, að þessir aðilar verði helstu innflutningsaðilar kjötvöru, og verða þar sem öflugur samkeppnisaðili innlendra framleiðenda. Þar með eru íslenskir framleiðendur sláturafurða komnir í harðvítuga samkeppni við langstærstu viðskiptavinina sína. Liggur í augum uppi, að slík staða getur ekki gengið til lengdar. Því er nauðsynlegt áður en ráðist verður í róttækar breytingar af þessu tagi, að tryggja að eðlilegt markaðsumhverfi verði við lýði á þessum markaði, sem augljóslega stefnir ekki í miðað við efni frumvarpsins. Ljóst er að slík fákeppni mun eingöngu skerða stöðu íslenskra framleiðenda gagnvart innfluttri vöru. Einsýnt er, að með innkomu erlendra aðila á markaðinn, munu íslenskir aðilar knúnir til að lækka verð framleiðslu sinnar, ella verða undir í samkeppni á smásölumarkaði. Hins vegar mega íslenskir framleiðendur búfjár alls ekki við því. Ljóst má því telja, að verði frumvarp þetta að lögum, óbreytt, mun það hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir innlenda

framleiðslu búfjárafurða, og þar með tefla hagsmunum fjölda bænda, jafnvel bændastéttarinnar allrar í tvísýnu.

Í þessu samhengi er nauðsynlegt að átta sig á því, að komi til offramboðs á kjöti á íslenskum markaði, eiga íslenskir framleiðendur enga raunhæfa möguleika á því að losna við sínar afurðir utan Íslands en löng reynsla er fyrir tilraunum til þess. Þannig getur óheftur innflutningur valdið stöðugu offramboði á kjötvöru sem leiðir til lækkandi skilaverðs til framleiðenda, sem að lokum mun, í ljósi reynslunnar, óhjákvæmilega leiða til hruns og gjaldþrota í greininni. Einnig er rétt að minna á, að þegar til þessa hefur komið, hefur það ekki skilað sér nema að litlu leyti til neytenda í landinu.

Einnig er rétt að hafa í huga, að offramboð á svokölluðu hvítu kjöti hefur sannanlega bitnað á sölu á öðru kjöti þar sem sala hefur dregist verulega saman við þær aðstæður. Því er hrein fásinna að líta á þetta sem afmarkað vandamál kjúklinga- og svínakjötsframleiðenda, eins og stundum virðist gert.

IV. Tollar.

Ekki er sérstaklega gert ráð fyrir því, að breyting verði á því fyrirkomulagi sem er við lýði á innflutningi búfjárafurða að því er varðar tolla, þó má segja að tollvernd alifuglakjöts verði mun lakari, enda er mikið lægri magntollur á ferskum beinlausum alifuglaafurðum en frosnum. Hins vegar er ljóst að þeir tollar sem nú eru lagðir á erlendar sláturafurðir nægja ekki til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda gagnvart erlendum, skv. framansögðu. Í umræðunni hefur því gjarnan verið haldið fram, að fyrst Noregur gat tekið upp þessa löggjöf, ætti það að vera vandkvæðalaust fyrir Ísland. Því er alfarið hafnað, að líkja megi reynslu Norðmanna á innleiðingu umræddra EES-gerða, við íslenskar aðstæður. eru tollar mun hærri á hráum matvælum í Noregi en hér á landi. Á þetta einkum við um kjúklinga- og kalkúnakjöt, sem og reykt og saltað svínakjöt.

Hinn 1. mars 2007 lækkuðu tollar á kjöt og kjötvöru frá ESB ríkjum um 40%, með nánast engum fyrirvara. Sú lækkun skerðir mjög möguleika innlendra framleiðenda til að mæta samkeppni erlendis frá. Tollar á ferskar kjötvörur eru eftir þessa lækkun mun lægri hér á landi en t.d. í Noregi. Eins og sjá má af töflunni hér að neðan bera vinsælustu kjötvörurnar til innflutnings, t.d. ferskar og frosnar kjúklingabringur og reykt svínakjöt, miklu hærri tolla í Noregi en hér á landi:¹

¹ Taflan er tekin saman úr tollskrá Íslands og Noregs og miðast við gengi Norsku krónunnar 15,20.

Skv tollskrá:	nánar:	ÍSLAND		NOREGUR	
		Tollur Evrópusambandi	Magntollur	Tollur frá Evrópusambandi	Magntollur
Kjöt og ætir hlutar af allfuglum					
- Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus: Kjúklingar					
-- Sneiðar og hlutar, nýtt eða kælt:					
--- Beinlaust	Ferskar bringur	18%	299 kr/kg	0%	1.545 kr/kg
--- Annað	Fersk læri, leggir, vængir	18%	299 kr/kg	0%	1.545 kr/kg
-- Sneiðar og hlutar, fryst:					
--- Beinlaust	Frystar bringur	18%	540 kr/kg	0%	1.195 kr/kg
--- Annað	Fryst læri, leggir, vængir	18%	263 kr/kg	0%	1.195 kr/kg
- Af kalkúnum					
-- Sneiðar og hlutar, nýtt eða kælt:					
--- Beinlaust	Ferskar bringur	18%	299 kr/kg	0%	1.545 kr/kg
--- Annað	Fersk læri, leggir, vængir	18%	299 kr/kg	0%	1.545 kr/kg
-- Sneiðar og hlutar, fryst:					
--- Beinlaust	Frystar bringur	18%	600 kr/kg	0%	1.195 kr/kg
--- Annað	Fryst læri, leggir, vængir	18%	362 kr/kg	0%	1.195 kr/kg
Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt					
--- Annað	Saltað, reykt eða þurrkað fuglajakjöt	18%	218 kr/kg	0%	2.193 kr/kg
-sérstakur tollflokkur í Noregi 0210.9904					
Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt					
- Svínakjöt					
-- Læri, bógur og sneiðar úr því, með beini		18%	302 kr/kg	0%	917 kr/kg
-- Slög og sneiðar af þeim		18%	217 kr/kg	0%	1.364 kr/kg
--- Reykt					

---- Beinlaust	T. d. beinlaus hamborgarhryggur	18%	268 kr/kg	0%	1.841 kr/kg
---- Annað		18%	717 kr/kg	0%	1.841 kr/kg

Það leiðir af sjálfu sér, að þeir tollar sem lagðir eru á innflutta matvöru í Noregi nægja til að takmarka að mestu innflutning sláturafurða frá öðrum löndum EES-svæðisins. Einnig verður að horfa til þess, að samkeppnisstaða íslenskra framleiðenda er mun lakari en framleiðenda sláturafurða í Noregi, einkum með hliðsjón af smæð markaðarins, sem gerir það að verkum að þeir eiga mun erfiðara með að bregðast við aukinni samkeppni erlendrar framleiðslu, sbr. að framan.

Af þessu má vera ljóst, að nauðsynlegt er að hækka tolla vegna alifugla og svínakjöts, ef ekki á að koma til algers hruns hjá þessum framleiðendum hér á landi. Engin ástæða er til að ætla, að önnur sjónarmið eigi við hér á landi en í Noregi, hvað varðar stöðu þessara greina gagnvart erlendri framleiðslu.

Þá er á það bent hér, að nokkur vafi leikur á því, hvort umrædd tollalækkun hinn 1. mars 2007 hafi samrýmst ákvæðum 40., sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, einkum með hliðsjón af ákvæði 77. gr. eins og henni var breytt með stjórnskipunarlögum, nr. 97/1995.

V. Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993.

V.1 Almennt

Af frumvarpinu verður ekki annað ráðið, en að enn sé gert ráð fyrir því, að heimilt verði að flytja til landsins kjötafurðir uppfylli þær skilyrði Evrópusambandsins um heilbrigðisvottun, sbr. 32. gr. frumvarpsins sem varðar breytingu á 10. gr. laganna. Má þetta einkum ráða af almennum athugasemdum við frumvarpið, sbr. og athugasemdir við greinina. Það vekur þó athygli, að umrætt ákvæði hefur ekki að geyma fyrirmæli í þessa veru, heldur eru þar eingöngu taldar upp þær vörur sem almennt er óheimilt að flytja til landsins, svo sem mjöl, fitu, hey og hálm, en hins vegar er þess þó hvorki getið hvaða vörur verður eftirleidis almennt heimilaður innflutningur á, þótt slíkt megi álykta út frá gagnályktun, né er þess þar getið, hvort eða hvaða skilyrðum slíkur innflutningur sé háður.

V.2 Heilbrigðissjónarmið

Í samræmi við þau heilbrigðissjónarmið sem almennt hafa verið lögð til grundvallar hér á landi, og m.a. koma fram í lögum nr. 25/1993, sbr. m.a. 10. gr. þeirra, verður að teljast óvarlegt að opna á ótakmarkaðan innflutning á *hráum eða lítt söltuðum sláturafurðum og fóðurvörum unnum úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð.*

Frjáls og óheftur innflutningur slíkra afurða, líkt og fyrrgreint ákvæði frumvarpsins virðist gera ráð fyrir, felur í sér að nánast útilokað er, að koma í veg fyrir dreifingu sýktra afurða, eða afurða sem á annan hátt teljast skaðlegar heilsu manna (einkum kamfýlóbakter – og salmónellusýkingar, auk annarra sjúkdóma) og eftir atvikum dýra hér á landi, eins og mikið kapp hefur verið lagt á héraendis síðustu misseri og ár, með þeim ágæta árangri, að nú greinast slíkir sjúkdómar sjaldnar í dýraafurðum en áður þekktist, og almennt þekktist í löndum Evrópusambandsins. Engar slíkar varnaðaraðgerðir eins og gripið hefur verið til hér á landi, er að finna í löndum Evrópusambandsins, auk þess sem vafasamt er, að unnt væri að setja á fót slíkt eftirlitskerfi þar, eins og gert hefur verið hér á landi.² Því verður ekki talið, að nægileg vörn sé fólgin í hinu almenna ákvæði frumvarpsins sem gerir, eins og áður segir, ráð fyrir að heimilt verði að flytja inn hráar og lítt saltaðar kjötvörur og fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð til landsins „*uppfylli varan skilyrði Evrópusambandsins um heilbrigðisvottun*“, eins og segir í athugasemdum við frumvarpið, sbr. að framan, enda tekur slík vottun ekki til hinna landlægu afurðarsýkinga sem nefndar hafa verið.

V.3 Tillögur til breytinga

Í samræmi við framanritað er lagt til *aðallega*, að áfram verði almennt bann við innflutningi hrárra og lítt saltaðra sláturafurða og fóðurvöru unna úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð, en þó sé heimilt að fengnu sérstöku leyfi ráðherra, að fenginni umsögn Matvælastofnunar, að leyfa slíkan innflutning, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með afurðunum er valdið geta sjúkdómum í mönnum eða dýrum.

Er þessi tillaga í samræmi við núgildandi lögum nr. 25/1993.

² Sjá hér nánar álitserð Lagastofnunar Háskóla Íslands, samda af próf. Stefáni M. Stefánssyni og dr. Ólafi Oddgeirssyni, 3.9.2008, bls. 23 og áfr.

Til vara er lagt til, verði ekki fallist á ofangreinda breytingartillögu, að innflutningur hrárra og lítt saltaðra sláturafurða og fóðurvöru unna úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð verði heimill að því tilskildu, að strangt eftirlit verði haft með slíkum innflutningi, mun strangara en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Því er lagt til, að áður en vara kemur á markað héraðs eða til dreifingar, láti Matvælastofnun framkvæma rannsókn á afurðunum til þess að ganga úr skugga um, að afurðirnar séu ekki sýktar eða haldnar smitsjúkdómum.

Auk þess er gert ráð fyrir, að áfram verði óheimilt að flytja til landsins þær afurðir og vörutegundir sem nú eru taldar upp í 32. gr. frumvarpsins.

V.4 Breytingartillögur samræmast samningnum um Evrópska efnahagssvæðið

1. Ákvæði 13. gr. EES-samningsins

Fyrirgreindar breytingartillögur eiga sér stoð í 13. gr. EES-samningsins, sem heimilar, vegna sérstakra aðstæðna, að takmarka eða leggja höft á innflutning. Hljóðar 13. gr. svo:

Ákvæði 11. og 12. gr.³ koma ekki í veg fyrir að leggja megí á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjarreglu, *almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra* eða gróðurvernd, *vernd þjóðarverðmæta*, er hafa listrænt, *sögulegt* eða fornfræðilegt gildi, eða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.

Ákvæði 13. gr. samningsins teljist fela í sér undantekningu frá meginreglu samningsins um frjáls vöruviðskipti og verður ekki annað séð, en að þau sérstöku verndarsjónarmið sem vísað hefur verið til í þessu sambandi, séu í samræmi við ákvæði 13. gr. samningsins, og heimili þ.a.l. bann á innflutningi hrárra og lítt saltaðra afurða hingað til lands, sem *haldnar eru dýrasjúkdómum*, eins og þeir eru skilgreindir í lögum nr. 25/1993.

Ákvæði 13. gr. samningsins hefur almennt verið túlkað þröngt. EFTA dómstóllinn hefur þó bent á það, að heilsa manna vegi þungt við mat á beitingu 13. gr. samningsins. Til

³ 11. gr. samningsins hlóðar svo:

„Magntakmarkanir á innflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli samningsaðila.“

12. gr. samningsins hljóðar svo:

„Magntakmarkanir á útflutning, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli samningsaðila.“

hliðsjónar vísast m.a. til dóms EFTA-dómstólsins (ráðgefandi álit) í máli nr. E-4/04 (Pedicel AS v Sosial- og helsedirektoratet – áfengisauklýsingar). Í málinu fjallaði dómurinn m.a. um þá spurningu, hvort réttlæta mætti bann við áfengisauklýsingum með vísan til lýðheilsusjónarmiða með hliðsjón af varúðarreglu Evrópuréttarins (e. precautionary principle). Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu, að bannið fæli í sér aðferð til að ná fram lögmætu markmiði, og jafnframt að slíkt bann væri almennt heimilt enda væri sýnt að ekki væru til staðar aðrar vægari aðferðir til að ná fram hinu lögmæta markmiði, auk þess sem gætt væri jafnræðisreglna. Í niðurstöðu dómsins sagði m.a.:

„Such a prohibition may be justified on grounds of the protection of public health, unless it is apparent that, in the circumstances of law and of fact which characterise the situation in the EEA Contracting Party concerned, the protection of public health against the harmful effects of alcohol can be secured by measures having less effect on intra-EEA trade. In a situation such as that at issue, the precautionary principle as recognized by the Court does not apply.“⁴

Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem lögð hafa verið til grundvallar við mat á beitingu 13. gr. samningsins, sbr. m.a. ofangreindan dóm, verður ekki annað séð, en að þær leiðir sem lagðar eru til að farnar verði séu í fullu samræmi við þau sjónarmið, einkum með hliðsjón af þeim ströngu heilbrigðiskröfum sem gerðar eru til innlendra framleiðenda, sbr. að neðan.

⁴ Þá sagði jafnframt í málinu:

„The Court has consistently held that Articles 13 and 33 EEA must be interpreted strictly [...] The Court has no reason to doubt that there are serious social and health considerations behind the Norwegian alcohol policy in general and the prohibition against alcohol advertisements in particular. [...]

[...] the Court recalls that according to settled case law the health and life of humans rank foremost among the property or interest protected by Article 13 EEA [...] It is for the Contracting Parties to decide on the degree of protection which they wish to afford to public health and the way in which that protection is to be achieved. They may do so, however, only within the limits set by the EEA Agreement and must, in particular, comply with principle of proportionality. [...]

Under the proportionality principle, the measure chosen by an EEA Contracting Party must be proportionate to the aim pursued. [...]

[...] the legitimate objective of Norwegian alcohol policy. [...]

Under this case law, the precautionary principle may be invoked where the best available scientific information is so insufficient, inconclusive or imprecise as to make it impossible to determine with certainty the risks or hazards that may arise. [...]

The answer to the third question must therefore be that a prohibition against the advertising of alcoholic beverages such as the one at issue may be justified on grounds of the protection of public health, unless it is apparent that, in the circumstances of law and of fact which characterise the situation in the EEA Contracting Party concerned, the protection of public health against the harmful effects of alcohol can be secured by measures having less effect on intra-EEA trade. In a situation such as that at issue, the precautionary principle as recognized by the Court does not apply. [...]

2. Meðalhófsreglur / Jafnræðisreglur:

Ekki verður heldur talið, að umrædd breytingartillaga feli í sér brot gegn meðalhófsreglum, eða að ákvæðið feli í sér mismunun framleiðenda milli landa⁵, enda er gert ráð fyrir, að ekki verði slakað á heilbrigðiskröfum sem nú eru gerðar til innlendra framleiðenda búfjárafurða. Að þessu leyti ætti staða íslenskra og annarra evrópskra framleiðenda að vera nokkurn veginn sú sama. Tillögurnar fela enda ekki í sér fortakslaust bann við innflutningi hrárra og lítt saltaðra afurða, heldur eingöngu að komið sé í veg fyrir innflutning sýktra afurða, sbr. orðin „*sem haldnar eru dýrasjúkdómum*“. Evrópskum framleiðendum er því á grundvelli fyrrgreindrar breytingartillögu unnt að flytja inn / markaðssetja og dreifa slíkum afurðum á Íslandi, geti þeir sýnt fram á að afurðirnar séu ekki sýktar.

Í þessu sambandi þykir rétt að benda á, að verði frumvarpið samþykkt óbreytt mun það hafa í för með sér, að staða innlendra framleiðenda búfjár verður mun lakari, ef svo má segja, en evrópskra, einkum með hliðsjón af því, að þær kröfur sem gerðar eru til framleiðslunnar (og lúta m.a. að slátrun, vinnslu, þökkun, geymslu og dreifingu) verða, eftir sem áður mun strangari gagnvart íslenskum framleiðendum en evrópskum, sbr. m.a. lög nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra o.fl.⁶ Óþarft er að nefna sérstaklega hér,

⁵ Sbr. ummæli EFTA-dómstólsins í málinu nr. E-3/000 (eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi - Kornflögur), þar sem sagði m.a.:

„[W]hen there is uncertainty as to the current state of scientific research, it is for the Contracting Parties to decide what degree of protection of human health they intend to assure, having regard to the fundamental requirements of EEA law, notably, the free movement of goods within the European Economic Area. This means that a risk management decision rests with each Contracting Party. It is within the discretion of the Contracting Party to make a policy decision as to what level of risk it considers appropriate. Under those conditions, a Contracting Party may invoke the precautionary principle, according to which it is sufficient to show that there is relevant scientific uncertainty with regard to the risk in question. That measure of discretion must, however, be exercised subject to judicial review.“

Þá segir jafnframt:

„Measures taken by a Contracting Party must be based on scientific evidence; they must be proportionate, non-discriminatory, transparent, and consistent with similar measures already taken. [...]

Such restrictive measures must be non-discriminatory and objective, and must be applied within the framework of a policy based on the best available scientific knowledge at any given time. The precautionary principle can never justify the adoption of arbitrary decisions, and the pursuit of the objective of “zero risk” only in the most exceptional circumstances. [...]

(leturbr. lögm.)

⁶ Vísað er einkum til ákvæða í III. kafla laganna er varða eftirlit með slátrun o.fl., sem kveður m.a. á um, að sláturdýr megi ekki vera „haldin sjúkdómi né bera leifar lyfja eða annarra aðskotaefna sem geta verið hættuleg heilsu neytenda.“

Þá vísast til ákvæða IV. kafla laganna um meðhöndlun og heilbrigði sláturafurða, en þar segir m.a. að ekki megi framleiða, selja eða afhenda sláturafurðir ef þær eru óhreinar, mengaðar, skemmdar eða með annarlegri lykt eða útliti „og hættu er á sýkingum eða eitrunum við venjulega neyslu þeirra.“

(leturbr. lögm.)

enda viðurkennt, að heilbrigðiskröfur til framleiðenda búfjár eru almennt mun lakari í Evrópu en hér á landi. Er þar bæði um að kenna því regluverki sem þar er við lýði, sem og því, að almennt virðast áhyggjur manna (neytenda og stjórnvalda) ekki beinast að slíkum þáttum þar. Þá er jafnframt til þess vísað, að aðbúnaður sláturdýra er mun betri hér á landi, en almennt gerist.

Ef fulls jafnræðis milli framleiðenda ætti að vera gætt, yrði að herða matvælaeftirlit gagnvart framleiðendum búfjárafurða í ríkum Evrópusambandsins til mikilla muna, eða að úr slíkum kröfum yrði dregið gagnvart íslenskum framleiðendum. Eðli málsins samkvæmt geta íslensk stjórnvöld ekki mælt fyrir um hvernig matvælaeftirliti skuli háttað innan ríkja Evrópusambandsins, og jafnframt verður ekki séð, að sérstakur vilji sé fyrir hendi innan sambandsins til að herða heilbrigðiskröfur, þannig að þær verði sambærilegar þeim kröfum sem gerðar eru í þessu efni hér á landi. Þá verður jafnframt vart séð, að það sé sérstakur vilji íslenskra stjórnvalda, að úr umræddum kröfum verði dregið hvað innlenda framleiðslu varðar, þannig að hún verði færð til samræmis við það sem viðgengst almennt í ríkjum Evrópusambandsins. Verði innflutningur búfjárafurða hins vegar heimilaður með þeim hætti sem frumvarpið gerir nú ráð fyrir er einsýnt, að íslenskir framleiðendur munu ekki sætta sig við að undirgangast strangari heilbrigðiskröfur, enda yrði með því farið á svig við viðurkenndar jafnræðisreglur Evrópuréttarins.

3. Samkeppnissjónarmið

Auk fyrrgreindra verndar- og jafnræðissjónarmiða, verður einnig, hvað þetta varðar, að horfa til þeirrar sérstöku samkeppnisstöðu sem íslenskra framleiðenda búfjár búa við, bæði gagnvart öðrum framleiðendum búfjár í löndum Evrópusambandsins, sem og þeirrar fákeppni sem hér ríkir á smásölumarkaði.

Tekið skal sérstaklega fram, að með þessu er ekki verið að leggja til algert bann við innflutningi búfjárafurða, heldur eingöngu, að gengið sé úr skugga um að gætt verði framangreindra sjónarmiða, einkum hvað varðar hollustu og heilbrigðishætti, en jafnframt að horft verði til markaðslegra sjónarmiða sem og jafnræðissjónarmiða.

Strangar reglur um umhirðu o.fl. er jafnframt að finna í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 15/1994, um dýravernd, sbr. einkum II. kafla er lýtur að meðferð dýra, vistarverum og umhirðu, sem og til IV. kafla, er varðar aðgerðir á dýrum og aflifun. Sjá hér jafnframt reglugerð nr. 260/1980, um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun, sbr. reglugerðir nr. 417 og 688/2002, um breytingu fyrrgreindrar reglugerðar.

VI. Lög um matvæli, nr. 93/1995

VI.1 Almennt

Ekki verður séð, að frumvarpið feli í sér efnislegar breytingar frá því sem gert var ráð fyrir í eldra frumvarpi (mál nr. 528/2007-2008), hvað varðar varnir gegn innflutningi og dreifingu smitaðra búfjárafurða. Þó segir í athugasemdum með 5. gr. frumvarpsins, sem varðar breytingu á 8. gr. laga um matvæli, að með matvælum sem teljast heilsuspillandi sé m.a. átt við „kjötvörur sem gætu innihaldið örverur eins og salmonellu og kampýlóbakter“. Með þessum athugasemdum er komið að nokkru til móts við þau sjónarmið sem bent hefur verið á, einkum af hagsmunaaðilum. Ákvæði 5. gr. frumvarpsins felur þó ekki í sér frekari takmarkanir á innflutningi hrárra og lítt saltaðra kjötvöru, þ.e. að tryggt sé, að komið verði að mestu í veg fyrir að slíkar afurðir komist í umferð hérlendis.

Rétt þykir þó að tryggt verði, að sömu kröfur verði gerðar til evrópskra framleiðenda og íslenskra hvað varðar heilbrigðiskröfur, sbr. m.a. reglugerð um slátrun og meðferð sláturafurða, nr. 461/2003. Er það í sjálfu sér í samræmi við markmið frumvarpsins, eins og þau eru m.a. orðuð í athugasemdum við 5. gr. þess. Þeim markmiðum virðist þó ekki fylgt eftir í ákvæðum laganna eða sérstöðum viðaukum við þau, eins og þó hefði verið rétt, auk þess sem mikilvægt er, að komið sé að mestu í veg fyrir innflutningi slíkra sýktra matvæla, og þar með komið í veg fyrir dreifingu þeirra, enda eykst smithætta til muna við dreifingu slíkra matvæla. Ákvæði sem lúta að sýnatökum eftir að matvæli hafa komist í umferð, ef svo má segja, eru góðra gjalda verð, en nægja engan vegin til þess að sporna við útbreiðslu smits, bæði í mönnum og dýrum. Til þess að tryggja þau markmið sem almennt virðist vera sátt um í þessu efni verður að gera að meginstefnu sömu kröfur til evrópskra framleiðenda búfjár og gerðar eru til íslenskra framleiðenda, sbr. V. Framvísun heilbrigðisvottorða frá framleiðslulandi nægja ekki í því sambandi, enda vitað að slík vottorð eru oft ófullkomin, auk þess sem umburðarlindi gagnvart ýmsum sjúkdómum og afurðarsmiti (svo sem salmonellu- og kapfýlóbactersmiti) er mun meiri erlendis en hérlendis, enda verður alls ekki séð, að í Evrópusambandsríkjum séu gerðar jafn strangar kröfur til framleiðslu búfjárafurða og gert er hér á landi, sbr. V. Er hér tekið undir þau sjónarmið sem vísað er til í álitum Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis sem hann sendi nefndinni hinn 5. mars sl.

VI.2 Tillögur til breytinga.

Hvað varðar tilvísun frumvarpsins til reglugerðar nr. 688/2008, sbr. reglugerð nr. 260/1980, um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra, og

heilbrigðisskoðun, sbr. lög nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, verður ekki séð með hvaða hætti umrædd ákvæði taki til afurðaframleiðenda utan Íslands. Hins vegar er tekið undir þau sjónarmið sem rakin eru í fyrrgreindum athugasemdum með 5. gr. frumvarpsins, að við innflutning afurða til landsins ætti að gæta svipaðra sjónarmiða og greind eru í fyrrgreindum ákvæðum. Mikilvægt er hins vegar, að þetta sé tryggt og því er, með hliðsjón af ofangreindum sjónarmiðum, sbr. og kafla V, hvað varðar breytingu á lögum br. 25/1993, að við 5. gr. frumvarpsins, sem felur í sér breytingu á 8. gr. laga um matvæli, verði bætt inn sambærilegu ákvæði, og lagt er til varðandi 32. gr. frumvarpsins, þ.e. að áfram verði almennt bann við innflutningi hrárra og lítt saltaðra kjötafurða en þó sé heimilt að fengnu sérstöku leyfi ráðherra, að fenginni umsögn Matvælastofnunar, að leyfa slíkan innflutning, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með afurðunum er valdið geta sjúkdómum í mönnum eða dýrum.

VII. Matvælastofnun / Matvælaráð

Matvælastofnun starfar skv. lögum nr. 80/2005, um Matvælastofnun. Samkvæmt 2. gr. laganna er hlutverk stofnunarinnar m.a. að hafa eftirlit skv. lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. m.a. 6. gr. þeirra, sbr. og lögum um matvæli nr. 93/1995.

Mikilvægt er í þessu sambandi, að jafnframt verði komi á fót sérstakri stofnun hérlendis (Matvælaráð) sem m.a. hefur það verkefni að sjá um samskipti við alþjóðastofnanir, svo sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) og Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO). Jafnframt að veita íslenskum stjórnvöldum sérfræði- og vísindaráðgjöf, hafa sérstakt eftirlit með stöðu heilbrigðismála á þessu sviði og leita leiða til þess að auka öryggi búfjárafurða og aðbúnað og hollustuhætti búfjár, vera stjórnvöldum til aðstoðar við setningu laga og reglna á þessu sviði auk annarra verkefna sem þessu tengjast.

Mikilvægt er, að slík stofnun sé sjálfstæð í störfum, og sé því skipuð aðilum (sérfræðingum á umræddu sviði) sem hvorki eru tengdir stjórnvöldum né einstökum hagsmunaaðilum. Eðlilegt er, að slíku ráði séu tryggðir nægir fjármunir til þess að standa undir þeim verkefnum sem því verður ætlað að hafa með höndum lögum samkvæmt, án þess þó að þeir fjármunir verði sóttir í vasa innlendra framleiðenda búfjárafurða.

Er í þessu sambandi tekið að mestu undir þau sjónarmið sem rakin eru í fyrrgreindri álitsgerð Lagastofnunar Háskóla Íslands, frá 3. september 2008. Mikilvægt er þó, að þrátt

fyrir stofnun slíks ráðs sé nægar varnir gegn smiti og sýkingum tryggðar í lögum, sbr. eftirfarandi tillögur, sbr. og umfjöllun í köflum V og VI.

Auk eftirlitshlutverks Matvælastofnunar og Matvælaráðs, er lagt til, að Matvælastofnun verði falið að annast gerð og umsjón neyðaráætlaða vegna tilvika sem upp kunna að koma vegna sýktra eða skemmdra matvæla, sbr. m.a. til hliðsjónar reglugerð ESB nr. (EC) 882/2004.⁷ Mikilvægt er að slíkar neyðaráætlanir séu unnar af hálfu Matvælastofnunar í samvinnu og undir eftirlit Matvælaráðs.⁸

VIII. Breytingatillögur

VIII.1 Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993

Leið A.

Í samræmi við framanritað er þess krafist aðallega, að áfram verði almennt bann við innflutningi hrárra og lítt saltaðra kjötafurða og því lagðar til eftirfarandi breytingar á 32. gr. frumvarpsins (sem varðar breytingu á 1. mgr. 10. gr. laganna):⁹

1. mgr. 10. gr.

Á undan a-lið kemur nýr stafliður, en núverandi stafliðir færast niður sem því nemur:

Til að hindra að dýrasjúkdómur berist til landsins er óheimilt að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir:

a. hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, unnar og óunnar, og fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð, sem haldnar eru dýrasjúkdómum, sbr. 4. gr.

b. þó er Landbúnaðarráðherra heimilt, að fenginni umsögn Matvælastofnunar, að leyfa innflutning á afurðum skv. a lið, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda sjúkdómum í dýrum og mönnum og þau skilyrði sem sett hafa verið fyrir innflutningnum séu uppfyllt.

⁷ Regulation (EC) No 882/2004 of the European parliament and of the council af 29 April 2004 on official controls performed to ensure the verification of compliance with feed and food law, animal health and animal welfare rules.

⁸ Sjá hér nánar varðandi matvælaeftirlit, álitgerð Lagastofnunar HÍ, einkum bls. 35 og áfr.

⁹ Breytingartillaga umsagnaraðila er höfð skáletruð og feitletruð, til aðgreiningar.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um rannsóknir og eftirlit með innflutningi á hráum og lítt söltuðum sláturafurðum til að tryggja heilbrigði og heilnæmi afurðanna, og hvernig háttað skuli sýnatöku við rannsókn og eftirlit þannig að fullnægt sé ákvæðum b liðar greinarinnar.

Auk þess er gert ráð fyrir, að áfram verði óheimilt að flytja til landsins beinmjöl, blóðmjöl og fitu sem fellur til við vinnslu þessara efna; hey og hálm; hvers konar notaðar umbúðir, reiðtygi, vélar, tæki, áhöld og annað sem hefur verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang; auk hvers konar notaðan búnað til stangveiða.

Vísast um þetta til almennrar umfjöllunar að framan. Er ákvæðið í samræmi við núgildandi lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993. Sérstök áhersla er lögð á það, að ekki er lagt til algert bann við innflutningi hrárra og lítt saltaðra kjötafurða, heldur verði slíkur innflutningur áfram heimill, enda verði tryggt að afurðirnar séu ekki sýktar. Lagt er því til, að Landbúnaðarráðherra geti heimilað slíkan innflutning að fenginni umsögn Matvælastofnunar, sem hefði eftirlit með innflutningnum. Gert er ráð fyrir, að ráðherra setji í reglugerð ákvæði er lúta að því með hvaða hætti eftirliti Matvælastofnunar yrði háttað, einkum til hvaða þátta skuli líta við mat á því hvort heimila skuli slíkan innflutning.

Sérstaka athygli vekur, að frumvarpið gerir nú ráð fyrir, að óheimill sé innflutningur ýmissa vöruhegunda, svo sem notaðan útbúnað til reiðmennsku, stangveiða o.fl. Ekki verður séð, að nokkur rök standi til þess, að banna innflutning slíkra vöruhegunda, en heimila þess í stað innflutning hrárra og lítt saltaðra sláturafurða. Vísast um þetta m.a. til þeirra sjónarmiða sem rakin eru í fyrrgreindri umsögn Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis, sem lögð var fyrir nefndina hinn 5. mars sl., þar sem sterklega er varað við þeirra hættu sem slíkur óheftur innflutningur kjötafurða kann að hafa í för með sér fyrir viðkvæmt lífríki landsins, auk lýðheilsu.

Leið B.

Verði ekki fallist á ofangreinda breytingartillögu (leið A), er *til vara* lagt til, að innflutningur hrárra og lítt saltaðra sláturafurða og fóðurvara unnum úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð verði heimill að því tilskildu, að strangt eftirlit verði haft með slíkum innflutningi, strangara en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Því er lagt til, að áður en vara kemur á markað hérlandis, eða til dreifingar, láti Matvælastofnun framkvæma rannsókn á afurðunum á sérstöku hlutlausu

svæði, til þess að ganga úr skugga um, að afurðirnar séu ekki sýktar eða haldnar smitsjúkdómum:¹⁰

1. mgr. 10. gr.

Á undan a-lið kemur nýr staflíður, en núverandi staflíðir færast niður sem því nemur:

a. heimilt er að flytja til landsins hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, unnar og óunnar, og fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð sé tryggt að afurðirnar séu ekki haldnar dýrasjúkdómum, sbr. 4. gr.

Slíkar afurðir má þó ekki markaðssetja eða dreifa hér á landi, nema Matvælastofnun hafi áður gengið úr skugga um, að með þeim berist ekki smitefni sem valdið geti sjúkdómum í dýrum og mönnum og þau skilyrði sem sett hafa verið innflutningnum séu uppfyllt.

Landbúnaðarráðherra skal með reglugerð, mæla fyrir um hvernig eftirliti Matvælastofnunar skuli háttáð, þar með hvernig háttáð skuli sýnatöku við rannsókn og eftirlit þannig að fullnægt sé ákvæðum a liðar greinarinnar.

Með breytingartillögunni er ekki gengið jafn langt og skv. leið A hér að framan. Með vísan til sömu sjónarmiða og þar eru rakin er þó talið mikilvægt, að ekki sé gengið lengra í að heimila innflutning hrárra og lítt saltaðra sláturafurða en hér er lagt til.

IX.2 Lög um matvæli, nr. 25/1993

Að sama skapi, og til tryggingar þeim sjónarmiðum sem reifuð hafa verið í umsögn þessari, er lagt til að við 5. gr. frumvarpsins, sem felur í sér breytingu á 8. gr. laga um matvæli, verði bætt neðangreindu ákvæði:¹¹

¹⁰ Breytingartillaga umsagnaraðila er höfð skáletruð og feitletruð, til aðgreiningar.

¹¹ Breytingartillaga umsagnaraðila er höfð skáletruð og feitletruð, til aðgreiningar.

Sérstök ástæða þykir til þess, að umrætt ákvæði sé að finna í lögum um matvæli, þar sem löggin hafa skv. 1. gr. þeirra að markmiði að „*tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla*“.

Leið A.

(8. gr. a.)

Til að hindra að til landsins berist afurðir sem geta verið hættulegar heilsu neytenda, er óheimilt að flytja til landsins hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, unnar og óunnar og fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð, sem haldnar eru sjúkdómi eða smitefnum, svo sem veirum, bakteríum eða sveppum sem geta valdið sýkingu í fólki, eða bera leifar lyfja eða annarra aðskotaefna sem geta verið hættuleg heilsu manna.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um rannsóknir og eftirlit með innflutningi á hráum og lítt söltuðum sláturafurðum til að tryggja heilbrigði og heilnæmi afurðanna, og hvernig háttað skuli sýnatöku við rannsókn og eftirlit.

Að öðru leyti er, hvað þetta varðar, vísað til þeirra sjónarmiða sem rakin eru hér að framan. Þó skal á það bent, að sérstök ástæða þykir til þess, að umrætt ákvæði sé jafnframt að finna í lögum um matvæli, þar sem umrædd lög hafa skv. 1. gr. þeirra að markmiði að „ *tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla*“

Leið B.

Verði ekki fallist á ofangreinda breytingartillögu (leið A), er *til vara* lagt til, að innflutningur hrárra og lítt saltaðra kjötafurða verði heimill að því tilskildu, að strangt eftirlit verði haft með slíkum innflutningi, strangara en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Því er lagt til, að áður en vara kemur á markað héraðs, eða til dreifingar, láti Matvælastofnun framkvæma rannsókn á afurðunum á sérstöku hlutlausu svæði, til þess að ganga úr skugga um, að afurðirnar séu ekki sýktar eða haldnar smitsjúkdómum:¹²

(8. gr. a.)

Heimilt er að flytja til landsins hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, unnar og óunnar og fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla sem ekki hafa hlotið viðeigandi hitameðferð, sé tryggt að afurðirnar séu ekki haldnar sjúkdómi eða smitefnum, svo sem veirum, bakteríum eða sveppum sem geta valdið sýkingu í fólki, eða bera leifar lyfja eða annarra aðskotaefna sem geta verið hættuleg heilsu manna.

Slíkar afurðir má þó ekki markaðssetja eða dreifa hér á landi, nema Matvælastofnun hafi áður gengið úr skugga um, að með þeim berist ekki smitefni sem valdið geti

¹² Breytingartillaga umsagnaraðila er höfð skáletruð og feitletruð, til aðgreiningar.

Sérstök ástæða þykir til þess, að umrætt ákvæði sé að finna í lögum um matvæli, þar sem lögin hafa skv. 1. gr. þeirra að markmiði að „ *tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla*“.

sjúkdómum í dýrum og mönnum og þau skilyrði sem sett hafa verið innflutningnum séu uppfyllt.

Landbúnaðarráðherra skal með reglugerð, mæla fyrir um hvernig eftirliti Matvælastofnunar skuli háttáð, þar með hvernig háttáð skuli sýnatöku við rannsókn og eftirlit þannig að fullnægt sé ákvæðum 1. mgr. 8. gr. a..

Að öðru leyti vísast til fyrrgreindra röksemda.

IX. Lokaorð

Verði ekki tekið mið af fyrrgreindum tillögum, eða þeirra sjónarmiða sem sett eru fram í umsögn þessari, kann það að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir afkomu íslenskra framleiðenda búfjárafurða. Frumvarpið gerir ráð fyrir nær óheftum innflutningi evrópskra hrárra og lítt saltaðra búfjárafurða á kostnað íslenskrar framleiðslu. Jafnframt verður ekki séð, að nokkrar breytingar séu fyrirhugaðar á tollareglum, sem þó er sýnt að eru nauðsynlegar til að gera íslenskum framleiðendum kleift að keppa á jafnréttisgrundvelli við erlenda samkeppnisaðila sína. Þvert á mót hafa tollar verið lækkaðir, þvert á hagsmuni íslenskrar framleiðslu, þótt lögmæti þeirrar tollalækkunar hafi verið dregin í efa af ýmsum.

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt, er verið að kasta fyrir róða þeim heilbrigðiskröfum sem gerðar hafa verið hér á landi, með þeim árangri að sýkingum í matvælum hefur verið haldið í algeru lágmarki. Reyndar er það nú svo, að nú orðið heyra kamfýlóbakter- og salmónellusýkingar í mönnum, af völdum íslenskrar kjötafurða, til algerra undantekninga. Komi hins vegar upp tilfelli sýkingar hefur sýnt sig, að auðvelt er að rekja slík tilfelli til framleiðanda og þar með innkalla vörur með skjótum hætti, sem kunna að vera sýktar. Verði innflutningur búfjárafurða frá löndum Evrópusambandsins hins vegar heimilaður með þeim hætti sem lagt hefur verið til í frumvarpinu, myndi slíkt reynast nær útilokað.

Að öðru leyti en að framan greinir vísast til fyrri umsagnar Bændasamtaka Íslands sem veitt var í tilefni frumvarps sem bar sama heiti og lagt var fram á 135. löggjafarþingi, 524. mál.

Virðingarfyllt,



Láraus L. Blöndal, hrl.